

Árið 2019, föstudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, af Ragnheiði Thorlacius, héraðsdómara, kveðinn upp í máli nr. S-293/2018:

Ákærvaldið

*(Pétur Hrafn Hafstein, saksóknarfulltrúi)*

gegn

Ragnari Vali Björgvinssyni

*(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)*

svofelldur

### **d ó m u r :**

Mál þetta var þingfest þann 17. janúar 2019 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð þann 4. júní sama ár. Málið er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 6. desember 2018, á hendur ákærða, Ragnari Vali Björgvinssyni, til heimilis að Y, „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa fimmtudaginn 21. desember 2017, í heimreið að heimili ákærða að Y, ekið bifreiðinni [...] aftan á A, þar sem hann stóð í heimreiðinni þannig að A féll aftur fyrir sig og hafnaði upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og í beinu framhaldi af því, er A var kominn á fætur framan við bifreiðina og snéri að henni, ekið stöðugt áfram í átt að A, sem hörfaði undan bifreiðinni með hendur sínar á vélarhlífinni þar til hann hafnaði á ný uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar, og ekið milli trjágróðurs og út á aðliggjandi tún með A á vélarhlífinni og tekið þar skarpa hægri beygju svo að A féll niður með vinstri hlið bifreiðarinnar á jörðina og varð undir vinstra afturhjól hennar í beygjunni, allt með þeim afleiðingum að A hlut yfirborðssár ofan við hægra auga, blárault mar við gagnauga hægra megin, grunnt yfirboðshrúfl á hægri framhandlegg og yfirborðssár á hægri olnboga, blátt mar framan á hægri öxl og brjóstkassa auk þreifi- og hreyfieymsla yfir hægri öxl, blárault mar ofan við hnésbót aftan á hægra læri og bólgu á vinstri ökkla.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í ákæru er gerð grein fyrir einkaréttarkröfu brotþola, A, sem er svohljóðandi: „Af hálfu A, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum kr. 1.500.000,- í miskabætur með vöxtum af allri upphæðinni frá 21. desember 2017, skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum, til þess dag er mánuður er liðinn frá því að ákærða er kynnt krafa þessi, og dráttarvexti skv. 1. mgr. 6., gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er einnig krafist að ákærða verði gert að greiða lögmannskostnað við að koma bótakröfu þessari á framfæri og fylgja henni eftir fyrir dómstólum, allt samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómara.“

Eins og áður greinir var mál þetta þingfest þann 17. janúar 2019. Málinu var frestað til 7. febrúar sama ár að beiðni lögmanns þess sem ákærði óskaði eftir að skipaður yrði verjandi hans þegar ákæra var birt honum. Framangreindan dag var málið tekið fyrir að viðstöddum ákærða. Var þá, að ósk ákærða, Stefán Karl Kristjánsson lögmaður, skipaður verjandi ákærða. Ákærði neitaði sök og hafnaði framkominni bótakröfu. Af hálfu ákærða var skipun réttargæslumanns mótmælt. Með úrskurði dómsins, uppkveðnum þann 14. febrúar sl., var Elva Ósk Wíium lögmaður skipaður réttargæslumaður brotþola, A. Með úrskurði Landréttar þann 21. febrúar sl., í máli nr. 111/2019, var framangreindur úrskurður Héraðsdóms Suðurlands felldur úr gildi.

Ákæruvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir.

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Ákærði hafnar einkaréttarkröfu brotþola, A, og krefst þess að henni verði vísað frá dómi. Þá krefst ákærði þess að málsvarnarlaun verjanda verði að öllu leyti greidd úr ríkissjóði.

#### *Helstu málavextir*

Upphaf máls þessa má rekja til þess að klukkan 15:26 fimmtudaginn 21. desember 2017 var óskað eftir aðstoð lögreglunnar á Selfossi að Y, heimili ákærða, vegna ætlaðra skemmdarverka á bifreið hans, skráningarnúmer [...]. Samkvæmt gögnum málsins fékk framangreint mál lögreglu málsnúmerið 318-2017-14006, en um var að ræða kæru ákærða á hendur brotþola, A, fyrir eignarspjöll. Lögregla kom að Y klukkan 16:10 þann sama dag og er m.a. gerð grein fyrir skemmdum á bifreiðinni í frumskýrslu málsins. Í frumskýrslunni kemur fram að á leið á vettvang hafi lögreglu borist tilkynning um að ekið hafi verið utan í eldri mann við Z en maðurinn hafi ekki óskað eftir aðstoð sjúkraliðs. Segir í frumskýrslu að ákærði og [...] hans hafi ekki kannast við það atvik. Lögregla fór í framhaldinu að heimili brotþola, A, sem

hafi verið með hrufi og mar hægramegin á höfði, en ekki viljað ræða við lögreglu um ástæðu þess.

Lögregla tók ljósmyndir að Y umræddan dag og liggja þær frammi í máli þessu. Um er að ræða sex ljósmyndir. Sýnir ein myndin bifreið ákærða, [...], á hlaðinu á Y, þrjár myndir sýna ætlaðar skemmdir á bifreið ákærða, ein mynd sýnir hjólför í snjó og loks er mynd sem sögð er vera af brotþola í máli þessu, A. Fyrir liggur að framangreint mál lögreglu nr. 318-2017-14006, var felld niður með ákvörðun héraðssaksóknara, dags. 5. desember sl., og var ákvörðunin staðfest af ríkissaksóknara þann 13. febrúar sl. Liggja framangreind bréf frammi í máli þessu.

Formleg tilkynning um mál það sem hér er til meðferðar, mál lögreglu nr. 318-2017-14194, barst lögreglu föstudaginn 29. sama mánaðar er brotþoli í máli þessu, A, kom á lögreglustöðina á Selfossi og lagði fram kærú á hendur ákærða fyrir tilraun til manndráps. Þann dag var tekin lögregluskýrsla af brotþola á lögreglustöðinni á Selfossi. Daginn eftir fór rannsóknarlögreglumaður að Y og tók átta ljósmyndir er sýna ætlaðar skemmdir á bifreið ákærða, [...]. Þá liggja frammi í málinu sex ljósmyndir af ætluðum vettvangi sem brotþoli mun hafa tekið þann 21. desember 2017 á tímabilinu frá klukkan 15:55 til 15:57 og afhent lögreglu. Myndirnar sýna hjólför í snjó án frekari skýringa.

Meðal gagna málsins er mynddiskur, þ.e. upptökur úr eftirlitsmyndavélum við heimili ákærða, frá fimmtudeginum 21. desember 2017, sem ákærði mun hafa afhent lögreglu, og skýrslur lögreglu um skoðun á framangreindum myndskemmdum.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu vegna máls þessa þann 17. janúar 2018 og kemur fram í upphafi yfirheyrslunnar að kærufni sé ætlað brot hans gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þann 24. sama mánaðar var tekin vitnaskýrsla af [...] ákærða, B.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð slysa- og bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, dags. 5. janúar 2018, undirritað af C sérnámslækni. Í vottorðinu kemur fram að brotþoli hafi komið á slysa- og bráðamóttöku sjúkrahúsins að kvöldi 21. desember 2017 í fylgd dætra sinna. Í vottorðinu er gerð grein fyrir frásögn brotþola af atvikum fyrr umræddan dag og líðan hans þar til hann kom á sjúkrahúsið. Þá segir: „*Skoðun: Vakandi og vel áttaður. Stendur upp og leggst niður án vandræða eða verkja. Beygir bak, klæðir sig í sokka án vandræða. Pupillur eðlilegar og með eðlilegu viðbragði við ljós [sic]. Heilataugaskoðun eðlileg. Fingur-nef eðlilegt. Rombergs neikvætt. Andlit: ofan við hægra auga er yfirborðssár hrúðurlagt og blárætt mar við gagnauga. Ekki aðrir áverkar [sic] að sjá á höfði. Hægri framhandleggur. Grunnt yfirborðshrufi 20cm ca. Á olnboga yfirborðs sár/hrufi, ca 2cm blæðing stopp. Vinstri handleggur án áverka. Framan á hægri öxl/á brjóstkassa er að sjá blátt*

mar, eymsli við palpation á öxl en hreyfir öxlina frítt og óhindrað. Segist finna „aðeins til“ við að hreyfa. Hægri fótur. Aftan á hægri læri, ofan við hnésbót blárautt mar ca. 10cm að stærð. Vinstri fótur. Vinstri ökkli bólginn, ekki eymsli við palpation á malleolum né öðrum beinum í ökkla/fæti. Stígur í fótinn og getur hreyft um ökkilann án eymsla. Áverkar eru í samræmi/gætu verið orsakaðir af fyrrgreindum árekstri þar sem ekið er á hann sem gangandi vegfaranda.“ Í lok vottorðsins segir að afrit af myndum af áverkum fylgi með vottorðinu og eru þær, samtals átta, meðal gagna málsins. Ljósmyndirnar sýna andlit brotþola, útlimi og hluta brjóstakassa. Einnig eru meðal gagna málsins níu ljósmyndir, sagðar teknar þann 26. desember 2017, en á ljósmyndamöppu kemur fram að brotþoli hafi afhent lögreglu myndirnar þann 22. janúar 2018. Sýna myndirnar andlit, útlimi og öxl brotþola.

Þá liggur frammi í málinu vottorð D, geðlæknis, dags. 28. maí 2019. Í upphafi vottorðsins kemur fram að í maímánuði sl., hafi Elva Ósk S. Wíium, lögmaður einkaréttarkröfuhafa, brotþolans A, óskað eftir mati á andlegum afleiðingum ákeyrslu á brotþola þann 21. desember 2017, eins og segir í vottorðinu. Í lok vottorðsins segir: „Niðurstaða Áralangar deilur hafa verið milli ábúenda á jörðunum X og Y eins og fram kemur í gögnum málsins. Hinn 21. desember 2017 er A keyrður niður eins og fram kemur í gögnum málsins. Hann fékk við ákeyrsluna alvarlega áverka eins og lýst er. Þess utan hefur hann tæpu einu og hálfri ári síðar einkenni sem benda til þess að hann hafi fengið væg einkenni um áfallastreituröskun í kjölfar árásarinnar. Undirritaður leggur því áherslu á að ekki er eingöngu um að ræða líkamlegan áverka í kjölfar árásarinnar heldur er einnig um að ræða andlegar eftirstöðvar sem er mikilvægt að meta þegar miskinn í kjölfar árásarinnar er metinn í heild sinni. Ofanritað er niðurstaða undirritaðs eftir vandlega skoðun á þeim gögnum sem honum voru tiltæk og eftir langt matsviðtal.“

Auk ákærða gáfu skýrslur fyrir dómi brotþoli, A, vitnin B, [...] ákærða, E, lögreglumaður, F, rannsóknarlögreglumaður, G, [...], C, sérnámslæknir, D, geðlæknir, H yfirlögregluþjónn, I, tengdasonur [...] ákærða og bræðurnir J og K, frændur áðurgreinds I. Framburður ákærða og vitna verður ekki rakinn, en vikið að honum í niðurstöðukafla að því leyti sem þörf krefur til úrlausnar málsins.

#### *Forsendur og niðurstaða*

Atburður sá sem mál þetta fjallar um á sér nokkurn aðdraganda. Fram kom hjá ákærða og brotþola fyrir dómi að lokun heimreiðar að heimili ákærða, þar sem hluti atvika máls þessa átti sér stað, hafi um árabíl verið ágreiningsefni milli þeirra, þ.e. eigenda jarðanna X, þar sem ákærði býr ásamt fjölskyldu sinni, og Y, þar sem brotþoli býr ásamt sinni fjölskyldu. Ákærði

kvaðst lengi hafa deilt við brotþola um eignarrétt yfir umræddri heimreið og landi þar í kring. Brotþoli hafi talið sig eiga umrætt land og hafi deilur þeirra í milli m.a. snúist um það hvort heimreiðin ætti að vera opin eða lokað eins og brotþoli hafi viljað. Hafi brotþoli gripið til ýmissa ráða til að loka heimreiðinni, m.a. strengt gaddavír og rúlluplast milli tveggja steina við innkeyrsluna. Fram kom hjá ákærða að áðurnefnd heimreið væri önnur af tveimur heimreiðum að bæ hans.

Brotþoli greindi frá því fyrir dómi að hafa reynt að halda utan um lokanir á heimreiðinni sem sífellt hafi verið dregnar í burt af nágrönnum hans. Kvaðst brotþoli loka heimreiðinni vegna öryggissjónarmiða, þ.e. til að koma í veg fyrir hraðakstur.

### Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði, *Ragnar Valur Björgvinsson*, vísaði til þess fyrir dómi að hafa í umrætt sinn verið að verjast árásum brotþola. Hann hafi óttast um líf B [...] sinnar og eigið líf enda hafi brotþoli í gegnum tíðina sýnt af sér undarlega hegðun. Brotþoli hafi oft ráðist á B og nánar aðspurður um þetta tiltekna skipti kvaðst ákærði alveg hafa getað ímyndað sér að svo yrði í ljósi ásigkomulags brotþola, þ.e. að brotþoli hafi ætlað „að klára hana endanlega“, eins og ákærði orðaði það. Ákærða kvaðst hafa brugðið illa við að sjá brotþola hlaupa á eftir B með hamar í hendi og því ekið á eftir brotþola í þeim tilgangi að reyna „að skilja á milli þeirra“, eins og ákærði orðaði það. Síðan hafi hann bremsað og stuggað við brotþola sem hafi dottið á bílinn, vélarhlífina. Nánar aðspurður um ástæðu þess að bifreiðin hafi hafnað á brotþola í fyrra skiptið kvaðst ákærði hafa verið að reyna að „stúa þeim í sundur, verja [...] mína“, enda hafi brotþoli hlaupið á eftir henni með hamar. Aðspurður hvort hann hafi reynt að aka bifreiðinni þannig að hún færi á milli ákærða og B, kvaðst ákærði hafa reynt sitt besta, en hann hafi ekki ætlað út af veginum, hann hafi verið að reyna að forða slysi.

Framhaldinu lýsti ákærði þannig fyrir dómi. Þegar bifreið hans hafi stöðvað hafi brotþoli snúið sér við með „trylling“ og „í geðrofi“ og dúndrað á fullu með gegnheilum járnhamri á vélarhlíf bifreiðarinnar og síðan í framrúðu. Þá kvaðst ákærði hafa ekið af stað, brotþoli hafi hlaupið meðfram bifreiðinni og verið kominn hægra megin við bifreiðina þegar hann hafi hent sér upp á vélarhlíf bifreiðarinnar. Ákærði, sem kvaðst hafa verið í losti og mjög hræddur við brotþola, hafi síðan ekið áfram en ekki séð vel út um rúðuna. Hafi hann fyrst og fremst verið að hugsa um að verja [...] sína sem hafi staðið hægra megin við bifreiðina. Meðan brotþoli hafi verið á vélarhlíf bifreiðarinnar hafi hann haldið sér með vinstri hendi en lamið í framrúðuna með hamrinum alla vega tvisvar til þrisvar meðan bifreiðin var á ferð. Kvaðst ákærði hafi setið mjög nálægt rúðunni og aðeins öryggisfilman í rúðunni hafi verið órofin.

Vegna þess hafi hann tekið hægri beygju og við það hafi brotaþoli fallið af bifreiðinni en staðið strax upp.

Nánar aðspurður hvort bifreiðin hafi verið kyrrstæð þegar brotaþoli hafi hafnað á vélarhlífinni í síðara skiptið taldi ákærði að bifreiðin hafi sjálfsagt verið á mjög hægri ferð og ítrekaði ákærði að brotaþoli hafi verið hægra megin við bifreiðina þegar hann hafi hent sér upp á vélarhlífina og hann hafi lamið með hamrinum í framrúðuna áður en hann hafi farið upp á vélarhlífina. Aðspurður af hverju hann fullyrði að brotaþoli hafi ekki orðið undir vinstra afturhjóli bifreiðarinnar í beygjunni, eins og í ákæru greinir, benti ákærði á að bifreiðin hafi verið á nýjum nagladekkjum. Hann hafi ekið bifreiðinni í beygju, verið að „*slæta á fullu*“, og hefði fótur brotaþola orðið undir hjóli bifreiðarinnar myndi hafa stórséð á brotaþola, þ.e. dekkið hefði rifið upp á honum fótinn.

Fyrir dómi kom fram hjá brotaþola, A, að líkt og í skýrslutöku hjá lögreglu, myndi hann lítið eftir atvikum umrætt sinn. Í endurriti af áðurnefndri skýrslutöku kemur fram að brotaþoli hafði skoðað framlögð myndskreið áður en hann tjáði sig um atvik máls hjá lögreglu. Sérstaklega aðspurður um einstaka þætti atburðarásarinnar fyrir dómi tók brotaþoli fram að það sem hann gæti tjáð sig um atvik máls væri litað af því að hann hefði séð upptökur af atvikinu, sem hann kvaðst ekki rengja. Á þessu væri þó ein undantekning. Þannig lýsti brotaþoli fyrir dómi að hann myndi eftir því augnabliki þegar hann hafi áttað sig á því að hann mætti engin mistök gera, þ.e. þegar hann hafi valið þann kost að stökkva upp á vélarhlíf bifreiðar ákærða í stað þess að lenda undir bifreiðinni. Brotaþoli bar með sama hætti hjá lögreglu, þ.e. hann kvaðst muna eftir að hafa kastað sér upp á vélarhlífina í þeim tilgangi, af tvennu illu, að lenda ekki undir bifreið ákærða.

Vitnið B lýsti atvikum þannig fyrir dómi. Ákærði hafi ekið af stað frá hliðinu, bremsað en bifreiðin runnið á brotaþola sem hafi lent upp á vélarhlífinni. Brotaþoli, sem hafi ekki fallið í jörðina, hafi afmyndast, verið í sturlunarástandi, snúið sér við og reitt til höggs og lamið af alefli í bifreiðina og í þeim tilgangi að ná til ákærða hafi brotaþoli hent sér upp á vélarhlífina og dúndrað. Í fátí hafi ákærði ekið af stað og ekið milli tveggja aspa en eftir það kvaðst vitnið ekki hafa séð hvað gerðist. Nánar aðspurð kvað vitnið brotaþola hafa, eftir að hann féll af bifreiðinni í fyrra skiptið, sturlast og lamið í bifreiðina, bæði á vélarhlíf og framrúðu og hafi bifreiðin þá verið kyrrstæð. Síðar kom fram hjá vitninu að hugsanlega hafi bifreiðin verið komin af stað þegar brotaþoli hafi lamið í framrúðuna. Nánar aðspurð um það þegar brotaþoli hafnaði upp á vélarhlíf bifreiðarinnar í síðara skiptið kvaðst vitninu hafa fundist sem brotaþoli hafi hent sér upp á vélarhlífina í þeim tilgangi að ná til ákærða og „*stúta*“ honum.

### Framlögð myndskaið úr eftirlitsmyndavélum við heimili ákærða.

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að framan liggja frammi í málinu myndskaið/upptökur sem sýna atvik máls þessa. Nánar tiltekið er um að ræða tíu myndskaið úr eftirlitsmyndavélum við heimili ákærða og er atvikalýsing í ákæru byggð á greiningu vitnisins F rannsóknarlögreglumanns á nefndum upptökum. Á myndskaiðunum kemur fram ártal og dagsetning. Einnig sýnir stafræn klukka rauntíma, þ.e. klukkustundir, mínútur og sekúndur. Í skýrslu ákærða fyrir dómi kom fram að settar hafi verið upp ellefu eftirlitsmyndavélar við heimili hans í því skyni að verjast ítrekuðum ágangi brotþola inn á land ákærða og vegna ógnar sem fjölskyldu ákærða hafi stafað af brotþola.

Dómari hefur kynnt sér ítarlega öll myndskaiðin en sérstaklega eftirtalin myndskaið: Myndskaið merkt 1, myndskaið merkt 7 og myndskaið merkt myndskaið af hesthúsi, eyjan, hér eftir nefnt eyjan. Framangreind myndskaið sýna öll aðdraganda og atburðarás þá sem lýst er í ákæru. Óumdeilt er að áður nefnt hlið var þannig úr garði gert að gaddavír hafði verið strengdur milli tveggja steina, sem staðsettir voru sitt hvoru megin við aðkeyrslu að heimreiðinni, og hvítt rúlluplast fest á vírinn. Hins vegar sýna myndskaiðin mismunandi sjónarhorn. Þannig sýnir myndskaið 1 svæðið í kringum hliðið í nærmynd og hluta af heimreiðinni. Myndskaið 7 sýnir í nærmynd hluta vettvangs samkvæmt ákæru, þ.e. heimreiðina, trjágróður er skilur að heimreiðina og hluta aðliggjandi túns eða gróins svæði, svokallaða eyju. Þriðja myndskaiðið, eyjan, sýnir í nærmynd lok atvikalýsingar í ákæru, þ.e. vettvang þann sem í ákæru er nefnt aðliggjandi tún en einnig sést heimreiðin, áður nefndur trjágróður og hliðið sést í fjarska.

Fyrir liggur í málinu að [...] ákærða, vitnið B, var farþegi í bifreiðinni [...] umrætt sinn og sjá má á myndskaiði 1, að hún hefur setið í farþegasæti við hlið ákærða. Þá er einnig óumdeilt að fljótlega eftir að bifreið ákærða stöðvaði við hliðið kemur ákærði gangandi í átt að hliðinu með hamar í hægri hendi. Þess skal getið að atburðarásin, þ.e. aðdragandi og háttsemi sú sem ákærða er gefið að sök hefur samkvæmt myndskaiðunum aðeins staðið yfir í um eina mínútu. Nánar tiltekið frá klukkan 15:22:51 þegar bifreið ákærða [...] kemur í mynd, tekur hægri beygju og stöðvar við hliðið og þar til brotþoli rís hægt upp eftir að hafa fallið af vélarhlíf bifreiðarinnar á túninu/eyjunni klukkan 15:23:51. Sú háttsemi sem ákærða er gefið að sök í ákæru hefur hins vegar, samkvæmt framlögðum myndskaiðum, tekið mun skemmri tíma, nánar tiltekið frá því brotþoli fellur aftur fyrir sig og hafnar á vélarhlíf bifreiðar ákærða í fyrra skiptið og þar til brotþoli fellur niður af vinstri hlið bifreiðarinnar á túninu/eyjunni, eins og lýst er í ákæru. Framangreindar tímasetningar koma fram á myndskaiði 7 og myndskaiði eyjan.

Ákærði, sem neitar sök, ber í öllum meginatriðum með sama hætti fyrir dómi og í yfirheyrslu hjá lögreglu skömmu eftir atburðinn. Sama gildir um vitnið B. Við mat á framburði vitnisins B er hins vegar til þess að líta að vitnið er [...] ákærða og að um árábil hafa verið miklar deilur milli hennar og ákærða annars vegar og brotþola hins vegar. Eru lýsingar ákærða og [...] hans af atvikum umrætt sinn með talsvert öðrum hætti en í ákæru greinir en framburður þeirra er í öllum megin atriðum samhljóða. Brotþoli man lítið eftir atvikum umrætt sinn. Engin önnur vitni voru að atvikum og engin rannsókn fór fram á vettvangi að því undanskildu að lögregla tók myndir af skemmdum á bifreið ákærða. Af þeim sökum, og þar sem framlögð myndskeið úr eftirlitsmyndavélum við heimili ákærða eru aðalsönnunargögn máls þessa skoðaði dómari myndskeiðin ítarlega og lagði mat á það sem þar kemur fram eins og nánar verður gerð grein fyrir í a-c lið hér á eftir.

a) Aðdragandi, atvik sem sjá má á myndskeiði 1, nærmynd af svæði við hliðið.

Á myndskeiði 1 má sjá hliðið og hluta heimreiðar í nærmynd. Vitnið B opnar hliðið með því að losa gaddavírinn, fyrst við stein hægra megin við bifreið ákærða og síðan við stein vinstra megin við bifreiðina. Með samanburði á myndskeiði 1 og myndskeiði 7 má sjá að ákærði ekur bifreiðinni í átt að steininum vinstra megin við bifreiðina á meðan vitnið B losar gaddavírinn og lokar ákærði þannig innkeyrsluna af. Klukkan 15:23:16 leggur vitnið B af stað frá steininum vinstra megin við bifreið ákærða og dregur á eftir sér gaddavír með áföstu hvítu plasti. Þremur sekúndum síðar, eða klukkan 15:23:19 kemur brotþoli að vinstri hlið bifreiðar ákærða, fyrst að glugga að framan, þ.e. bílstjóramegin, og er bifreiðin á hægri hreyfingu. Á þeim tíma snýr vitnið B baki í bifreið ákærða. Ákærði ekur bifreiðinni rólega fram á við og gengur brotþoli samsíða vinstri hlið bifreiðarinnar. Klukkan 15:23:23 er brotþoli kominn fram fyrir bifreið ákærða, vitnið B tekur á sprett og sekúndu síðar er hún úr mynd. Klukkan 15:23:24 tekur brotþoli á sprett og hleypur á eftir vitninu B sem dregur gaddavír með áföstu hvítu plasti. Tveimur sekúndum síðar er brotþoli úr mynd. Klukkan 15:23:24 bakkar ákærði bifreiðinni lítillega, spólar af stað og sex sekúndum síðar er bifreiðin úr mynd.

b) Atburðarás eftir að brotþoli kemur í mynd á myndskeiði 7, frh. a-liðar, bifreið ákærða hafnar í fyrra skipti á brotþola og upphaf atburðarásar á túni (eyju).

Klukkan 15:23:19 kemur vitnið B í mynd með gaddavírinn og áfast rúlluplast í eftirdragi. Á tímabilinu frá klukkan 15:23:27 til 15:23:28 hleypur brotþoli á eftir vitninu með hamar í hendi, stígur á plastið á hlaupunum og er þá stutt á milli hans og vitnisins sem rífur plastið að sér. Á sama tíma ekur ákærði bifreiðinni [...] af stað frá hliðinu. Klukkan 15:23:29

missir brotaþoli plastið frá sér. Sekúndu síðar beygir brotaþoli sig niður og krækir í plastið með hamrinum. Vitnið B stendur þá gengt ákærða og togar gaddavírin eilítið að sér. Á sama tíma ekur ákærði bifreiðinni í átt að brotaþola og vitninu B. Klukkan 15:23:31 stendur brotaþoli í kanti heimreiðarinnar með plastið í fanginu og vitnið B stendur gengt honum á grasi rétt utan við heimreiðina. Á sama tíma nálgast bifreið ákærða brotaþola sem stendur með plastið í fanginu og snýr baki í bifreiðina. Sekúndu síðar ekur ákærði bifreiðinni viðstöðulaust aftan á læri brotaþola sem hafnar ofan á vélarhlíf bifreiðarinnar þannig að bak brotaþola hafnar á miðri vélarhlíf og fætur hans fara á loft. Þá heldur brotaþoli enn á plastinu. Sekúndu síðar er bifreið ákærða kyrrstæð, brotaþoli lendir á fótunum á jörðinni og heldur enn á plastinu. Í beinu framhaldi af því snýr brotaþoli sér til hægri og bifreið ákærða hreyfist lítillega fram á við. Brotaþoli lyftir upp hægri hendi og slær með hamrinum á miðja vélarhlíf bifreiðar ákærða framarlega. Bifreið ákærða er ekið áfram og brotaþoli, sem er með hendur á vélarhlíf bifreiðarinnar, snýr að öikumanni. Klukkan 15:23:38 er bifreið ákærða á ferð, ákærði gefur í, bifreiðin spólar og snjór og drulla spýtist undan bifreiðinni að aftan. Enn er brotaþoli með hendur á vélarhlífinni og báða fætur á jörðinni og hleypur þannig undan bifreiðinni. Klukkan 15:23.37 er brotaþoli staddur fyrir framan bifreiðina, nánar tiltekið þétt hægra megin við hægra framljós bifreiðarinnar. Sést framangreint greinilega enda var kveikt á aðalljósum bifreiðarinnar. Sekúndu síðar beygir bifreið ákærða lítillega til hægri og er brotaþoli þá staðsettur milli ökuljósa bifreiðarinnar, á hlaupum afturábak undan bifreiðinni, enn með hendur á vélarhlífinni. Á tímabilinu klukkan 15:23:40 til 15:23:41 eykst hraði bifreiðarinnar og hún stefnir milli tveggja trjáa, brotaþoli liggur á maganum, u.þ.b. á miðri vélarhlíf, og fætur hans eru á lofti. Brotaþoli nær taki með vinstri hendi á vélarhlífinni við framrúðu bifreiðarinnar og slær með hægri hendi með hamrinum í framrúðu bifreiðarinnar. Bifreiðin spólar og snjór og drulla spýtist undan bifreiðinni að aftan, m.a. á vitnið B, sem staðsett hafði verið hægra megin við bifreið ákærða meðan á því sem að framan greinir stóð. Vitnið B flækist í víradræsuni og reynir að losa sig. Klukkan 15:23:42 er bifreiðin staðsett milli trjáanna, brotaþoli hangir á vélarhlífinni með fætur enn á lofti. Klukkan 15:23:44 er bifreiðin komin út á túnið, eyjuna, bifreiðin byrjar að taka hægri beygju og við það færast brotaþoli lítillega til vinstri á vélarhlífinni og bifreiðin er úr mynd.

c) Atburðarásin á túni (eyju) á myndskaiði eyjan. Að hluta til sama atburðarás og í b-lið og bifreið ákærða hafnar á brotaþola í síðara skipti. Bifreiðinni ekið um eyjuna með brotaþola á vélarhlífinni.

Á myndskaiði eyjan má sjá að á tímabilinu klukkan 15.23:42-15:23:43 hefur brotapolí sett hné upp á vélarhlífina en þá er ákærði að undirbúa hægri beygju. Brotapolí færirst til vinstri á vélarhlífinni í upphafi beygjunnar. Sekúndu síðar hefur ákærði tekið krappa hægri beygju. Bifreiðin rennur til í beygjunni og snjór og drulla spýtist aftur undan bifreiðinni. Brotapolí fellur af vélarhlífinni vinstra megin og má sjá hann fyrst sem þúst fyrir aftan vinstra framdekk bifreiðarinnar. Síðan berst brotapolí meðfram vinstri hlið bifreiðarinnar og verður ekki annað séð en að afturendi bifreiðarinnar og vinstra afturhjóli lendi á brotapolá sem blasir næst við sem þúst aftan við bifreiðina hægra megin í því að ákærði hefur lokið hinni kröppu hægri beygju. Klukkan 15:23:47 ekur ákærði í burtu með stefnu að trjánum og brotapolí er á hnjánum á jörðinni. Klukkan 15:23:51 rís brotapolí hægt upp og stingur við í fyrstu skrefum er hann gengur í átt að trjánum. Eftir það gengur brotapolí raleitt eftir heimreiðinni í átt að hliðinu með hamarinn í hendi. Ákærði ekur bifreiðinni með hraði aftur á milli trjánna upp á heimreiðina og síðan áleiðis að heimili sínu. Á sama tíma er gaddavírinn enn fastur við hægri fót vitnisins B sem reynir að losa hann og hleypur við fót heim á leið.

Eins og áður greinir neitaði ákærði sök í máli þessu og krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Verður ekki annað ráðið af framburði ákærða fyrir dómi og munnlegum málflutningi verjanda hans að sýknukröfuna byggji ákærði á því að umrætt sinni hafi ákærði verið að koma í veg fyrir árás af hendi brotapolá, árás sem hafi fyrst og fremst beinst að [...] ákærða, vitninu B, en einnig að lífi ákærða. Þessu hafnar ákæruvaldið og vísar til þess að skilyrði 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 séu ekki uppfyllt í máli þessu.

Fyrir dómi kvaðst ákærði aldrei hafa ætlað að keyra aftan á brotapolá á heimreiðinni. Háalka hafi verið á veginum snjór yfir öllu og hafi bifreiðin runnið aftan á brotapolá. Eins og áður greinir fór engin rannsókn fór fram á vettvangi, þ.e. á ummerkjum eftir akstur ákærða á heimreiðinni og nærliggjandi túni, eyjunni.

Hafa verður í huga að atburðarásin frá því bifreið ákærða hafnar aftan á brotapolá á heimreiðinni þar til brotapolí fellur af vélarhlíf bifreiðar ákærða á túninu/eyjunni tekur mjög skamman tíma. Eins og lýst er í b-lið hér að framan, sbr. myndskaið 7, ekur ákærði bifreiðinni [...] viðstöðulaust í átt að brotapolá sem engum vörnum gat komið við enda snéri hann baki í bifreið ákærða. Í framhaldinu snýr brotapolí sér að bifreið ákærða og hleypur aftur á bak undan bifreið ákærða með hendur á vélarhlíf bifreiðarinnar, sem er til að byrja með á hægri ferð en eykur síðan hraðann með tilheyrandi spóli. Brotapolí, sem allan tímann var fyrir framan bifreiðina nær handfestu á vélarhlífinni og liggur til að byrja með ofan á henni með fætur á lofti. Þrátt fyrir það ekur ákærði bifreiðinni viðstöðulaust áfram, eykur stöðugt hraðann á

ósléttu landi, milli trjágróðurs og út á aðliggjandi tún með brotaþola hangandi á vélarhlífinni þar sem ákærði tekur skarpa hægri beygju með þeim afleiðingum að brotaþoli fellur niður með vinstri hlið bifreiðarinnar. Að mati dómsins er nokkuð erfitt að greina nákvæmlega hvort og þá hvernig ákærði á að hafa orðið undir vinstra framhjóli bifreiðar ákærða í lok hægri beygjunnar eins og ákæruvaldið byggir á. Kemur það hvoru tveggja til að snjór, reykur og drulla spýttist undan hjólum bifreiðar ákærða í því að brotaþoli fellur af vélarhlífinni meðfram vinstri hlið bifreiðarinnar og að atvik gerast á örskots stundu. Hins vegar sýnir myndskreiðið að þegar bifreið ákærða er í hinni kröppu hægri beygju er bifreiðin í loftköstum í þeirri andrá þegar brotaþoli fellur af vélarhlífinni, hafnar á jörðinni og veltist með fram vinstri hlið bifreiðarinnar. Hvort þau loftköst eru vegna þess að brotaþoli hafi orðið undir vinstra hjóli hennar eða hvort túnið hafi verið þýft eða mishæðótt verður ekki að mati dómsins ráðið af myndskreiðinu og eins og áður greinir fór engin rannsókn fram á vettvangi. Með vísan til þessa er það mati dómsins að ekki verði með óyggjandi hætti séð að brotaþoli hafi orðið undir vinstra afturhjóli bifreiðarinnar eins og lýst er í ákæru. Verður að meta þann vafa ákærða í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Hins vegar má ljóst vera að ákærði hafnar utan í bifreið ákærða og miðað við hraða bifreiðarinnar í hinni kröppu hægri beygju er það hafið yfir skynsamlega vafa að mati dómsins að ákærði hafi á þeim tíma orðið fyrir verulegum og ítrekuðum höggum af völdum bifreiðarinnar og með ólíkindum að ekki fór verr.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið, þess sem rakið er í a- og b-lið hér að framan og að teknu tilliti til þeirra áverka sem brotaþoli hlaut umrætt sinn, er fallist á það með ákæruvaldinu að fram sé komin, nægilega sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi af ásetningi ekið aftan á brotaþola með þeim afleiðingum að brotaþoli féll aftur fyrir sig og hafnaði uppi á vélarhlíf bifreiðarinnar og í beinu framhaldi af því ekið bifreiðinni áfram með ákærða staðsettan fyrir framan bifreiðina á hlaupum undan henni, allt þar til brotaþoli hafnaði á ný upp á vélarhlíf bifreiðarinnar og þannig ekið áfram milli tjágróðurs og út á tún/eyjuna eins og lýst hefur verið hér að framan og með þeim afleiðingum sem þar greinir.

Að virtri framangreindri atburðarás í heild, þ.e. allt frá því ákærði ók viðstöðulaust frá hliðinu í átt að brotaþola og aksturslagi ákærða í framhaldi af því, er það mat dómsins að ásetningur ákærða hafi verið einbeittur og að ákærði hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvaða afleiðingar háttsemi hans hefði. Í þessu sambandi er sérstaklega til þess að líta að bjargir brotaþola, voru eins og aðstæðum var háttað umrætt sinn, litlar sem engar enda um að ræða vélknúid ökutæki. Fyrir dómi lýsti ákærði því að brotaþoli hefði verið hægra megin við bifreiðina og vel hafa getað komist undan bifreiðinni. Vitnið B bar með sama hætti, þ.e. að

brotapoli hafi á tilteknum tímapunkti verið hægra megin við bifreiðina og hefði því getað forðað sér. Með vísan til a-og b-liða og þess sem að framan er rakið fellst dómur ekki á það með ákærða. Þá hafnar dómurinn þeirri skýringu ákærða fyrir dómi að hann hafi verið að reyna að komast á milli brotþola og vitnisins B á heimreiðinni sem og að ákærði hafi verið að forða sér undan ákærða þegar hann ók með brotþola hangandi vélarhlífinni inn á aðliggjandi tún. Þá er einnig til þess að líta, að aðspurður hvort hann hafi verið að reyna að ná brotþola af bifreiðinni í hinni kröppu hægri beygju, svarði svarði ákærði: „Jú, *alveg eins þess vegna*“ .

Afleiðingar framangreindrar árásar á brotþola, bæði á heimreiðinni og á túninu (eyjunni) voru í ljósi atvika umrætt sinn minni en búast hefði mátti við. Vitnið C læknir staðfesti fyrir dómi framlagt læknisvottorð og ljósmyndir teknar af áverkum brotþola við skoðun. Einnig staðfesti vitnið að ljósmyndir, sem vitnið F rannsóknarlögreglumáður staðfesti fyrir dómi að brotþoli hafi afhent honum og teknar voru 26. desember 2017, gætu samræmst þeim áverkum sem vitnið greindi við komu brotþola á sjúkrahús umrætt kvöld. Að framangreindu virtu og því sem að framan greinir um aksturslag ákærða umrætt sinn, þykir einnig fram komin lögfull sönnun þess að áverkar á líkama brotþola, sem tilgreindar eru í ákæru, séu afleiðingar þeirrar háttsemi ákærða sem lýst er í ákæru að því undanskildu, eins og framan greinir, að ekki þykir framkomin lögfull sönnun þess að brotþoli hafi orðið undir vinstra afturhjóli bifreiðarinnar.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirrar sérstaklega hættulegu aðferðar sem ákærði beitti umrætt sinn. Ákærði sýndi af sér ófyrirleitni og árás hans var sérstaklega hættuleg enda gerð með vélknúnu ökutæki sem telja verður stórhættulegt í aðstæðum brotþola umrætt sinn. Ítrekað skal að mesta mildi var að ekki hlaust stórfellt líkamstjón af árásinni eða jafnvel bani.

### Sýknukrafa ákærða á grundvelli neyðarréttar

Eins og ákærði lýsti atvikum umrætt sinn, sérstaklega um ætlaða ógnandi háttsemi brotþola, og í ljósi þess að málatilbúnaður ákærða verður ekki skilinn á annan veg en þann að hann beri fyrir sig neyðarvörn umrætt sinn, þykir rétt að fjalla sérstaklega um þann framburð ákærða fyrir dómi, og að hluta til hjá lögreglu, að brotþoli hafi þegar hann kom að bifreið ákærða við hliðið barið ítrekað með hamri í bifreiðina og í framhaldinu hlaupið á eftir vitninu B með hamar í hendi. Í sjálfstæðri frásögn fyrir dómi lýsti ákærði því að þegar brotþoli hafi komið að bifreiðinni hafi hann lamið „svona“ og lék ákærði atvikið eftir með því að reka olnboga sinn til hliðar, en bætti svo við „*eða kannski með hamrinum í bílhurðina hjá mér*“, þ.e. vinstri hlið bifreiðarinnar. Undir lok skýrslutökunnar kom fram hjá ákærða að hann teldi að

brotapoli hafi umrætt sinn barið í bifreiðina tvisvar til þrisvar sinnum, með olnboga í hurð bifreiðar, tvö hamarshögg á vélarhlíf og afturhluta bifreiðarinnar og loks þegar brotapoli hafi hlaupið fram fyrir bifreiðina á eftir vitninu B.

Að mati dómsins verður hvorki séð af myndskreiði 1 að ákærði hafi slegið í vinstri hlið bifreiðar ákærða, gengið aftur fyrir bifreiðina, slegið í skottlokið né barið í bifreiðina þegar hann hljóp fram fyrir bifreiðina áleiðis eftir heimreiðinni. Framangreindu til stuðnings má vísa til frumskýrslu málsins nr. 318-2017-014006, þ.e. kæru á hendur brotapola fyrir eignaspjöll. Þar kemur fram að vitnið B og vitnið I, tengdasonur B, hafi sýnt lögreglu, sem kom á vettvang síðar þennan sama dag, skemmdir á bifreiðinni [...] sem þau greindu lögreglu frá að væru að völdum brotapola. Framangreindum skemmdum er þannig lýst: „*Dæld var á vélarhlíf og brotin framrúða eins voru risur [sic] hægra megin aftarlega (við bensínlok) [...]*.“ Skýrsluritari, vitnið E lögreglumaður, staðfesti framgreint fyrir dómi. Þá staðfesti vitnið F, sem tók ljósmyndir af bifreið ákærða þann 30. desember 2017, að skemmdir hafi ekki verið sýnilegar á vinstri hlið eða vinstra afturhorni bifreiðar ákærða þegar vitnið tók umræddar ljósmyndir. Hefði svo verið hefði hann látið þess getið í texta með myndunum.

Einnig vísar ákærði til þess að hann hafi umrætt sinn verið að bregðast við árásum brotapola á [...] sína, vitnið B. Kvaðst ákærði, hafa í ljósi ásigkomulags ákærða umrætt sinn, bæði hafa óttast um líf hennar og eigið líf og vísaði ákærði þar til þess að brotapoli hafi hlaupið á eftir vitninu B með hamar í hendi og að brotapoli hafi byrjað árásina við hliðið og haldið henni áfram. Við skoðun myndskreiðs 1 verður ekki ráðið að vitnið B hafi fest eða flækst í gaddavírnum eftir að hún náði að losa gaddavírinn eins og hún lýsti í skýrslu sinni fyrir dómi. Á myndskreiðinu má sjá vitnið B hraða för sinni með gaddavírinn og áfast plast í eftirdragi. Sama gildir þegar myndskreið 7 er skoðað en þar má sjá vitnið B hlaupa óhindrað eftir heimreiðinni í átt að trjánum með gaddavírinn í eftirdragi. Eins og fram kemur í b-lið hér að fram stígur brotapoli á plastið á hlaupunum og er þá stutt á milli hans og vitnisins B sem rífur plastið að sér. Við það missir brotapoli tak á plastinu en tveimur til þremur sekúndum síðar beygir brotapoli sig niður og krækir í plastið með hamrinum. Ber myndskreiðið ekki með sér að vitnið B sé föst eða flækt í víradræsunni eða að brotapoli ógni henni á nokkurn hátt. Hins vegar má sjá á myndskreiði 7 að eftir að ákærði ók út á túnið (eyjuna) með brotapola á vélarhlífinni var vitnið B, sem þá er stödd rétt við kant heimreiðarinnar, flækt í víradræsunni og reynir að losa sig um leið og hún gengur í átt að heimili sínu.

Meðan á framangreindri atburðarás stendur, þ.e. þegar brotapoli hleypur frá hliðinu á eftir vitninu B, verður ekki ráðið af háttarlagi brotapola að hann hafi ógnað eða gert sig líklega til að beita hamrinum gagnvart vitninu B eða á annan hátt ætlað að gera henni mein. Ber

myndbandið með sér að athygli brotþola er fyrst og fremst á gaddavírnum og áföstu plasti og gerir hann á hlaupunum tilraun til að ná því með því að stíga á það. Á sama tíma verður ekki annað sé en vitnið B reyni að verjast þess að brotþoli nái í víradræsuna, m.a. kippir hún víradræsunni að sér þegar brotþoli reynir að ná vírnum. Meðan á þessu stendur situr ákærði undir stýri í bifreið sinni og þá eru brotþoli og vitnið B í beinni sjónlínu ákærða og verður að ætla, miðað við framburð ákærða um áhyggjur sem hann hafi haft af [...] sinni, að hann hafi séð það sem þar fór fram. Að mat dómsins sýndi brotþoli umrætt sinn enga þá háttsemi sem gaf ákærða tilefni til að ætla að lífi og/eða heilsu vitnisins B hafi verið ógnað. Ákærði ók hins óhikað í beina stefnu að brotþola þar sem hann stóð á heimreiðinni með bakið í bifreið ákærða með plast það sem áfast var við gaddavírinna í fanginu, eins og áður hefur verið lýst. Þá verður ekki séð af myndskaiði 7, sbr. b-lið hér að framan, að vitninu B hafi stafað ógn af brotþola eftir að ákærði ók bifreiðinni óhikað áfram með brotþola í upphafi á hlaupum aftur á bak undan bifreiðinni, en á þeim tíma var vitnið B stödd hægra megin við bifreiðina.

Það er því mat dómsins að framburður ákærða um ætlaðar barsmíðar brotþola á bifreiðina við hliðið og lýsingar ákærða á ætlaðri ógn sem [...] hans og honum sjálfum hafi stafað af brotþola umrætt sinn fái ekki samræmst því sem fram kemur á framlögðum myndskaiðum og ítarlega hefur verið gerð grein fyrir undir a- og c-lið hér að framan. Þá styðja önnur gögn málsins, þ.e. frumskýrsla í máli lögreglu nr. 318-2017-014006, ljósmyndir af bifreið ákærða og framburður lögreglumanna sem komu að máli þessu, ekki framburð ákærða um barsmíðar brotþola á bifreiðina [...] við hliðið. Einnig er til þess að líta að kæra ákærða og [...] hans á hendur brotþola í máli þessu laut eingöngu að því að hann hafi valdið skemmdum á bifreið ákærða eins og fram kemur í frumskýrslu máls lögreglu nr. 318-2017-014006. Að öllu framansögðu virtu, hefur að mati dómsins ekki verið leitt í ljós að háttsemi ákærða hafi verið nauðsynleg til að verjast eða afstýra byrjaðri eða yfirvofandi ólögmati árás brotþola þannig að ákærði teljist hafa unnið verkið í neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### *Ákvörðun refsingar*

Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða framdi hann brot það sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir áður en hann var dæmdur til 30.000 króna sektar í Landsrétti 22. júní 2018 fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður því litið til 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða. Þó svo fyrir liggi í máli þessu að mikið hafi gengið á í samskiptum ákærða og brotþola um nokkurt skeið og kærur hafi gengið á báða bóga réttlætti það ekki beitingu ofbeldis af hálfu ákærða umrætt sinn. Við

ákvörðun refsingar verður sérstaklega litið til 1., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða beindist að gangandi vegfaranda og var mjög hættulegt vegna þess að vélknúnu ökutæki var ítrekað beitt en sú aðferð var til þess fallin að valda brotþola mun alvarlegri meiðslum en raun var á í máli þessu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði en þar sem ákærði hefur ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot skal fresta fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *Sakarkostnaður*

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt yfirlitum lögreglu og héraðssaksóknara, þ.e. kostnað vegna þóknunar verjanda á rannsóknarstigi, 114.390 krónur og kostnað vegna læknisvottorða samtals að fjárhæð 176.424 krónur. Þá skal ákærði greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, vegna vinnu fyrir dómi, sem þykir hæfilega ákveðin 1.054.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

#### *Einkaréttarkrafa*

Brotþoli, A, gerir kröfu í málinu um 1.500.000 króna bætur fyrir miska með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk vaxta. Segir í greinargerð, sem fylgdi með kröfu brotþola, að um hafi verið að ræða mjög hættulega árás, ákærði hafi ítrekað ekið á brotþola og mildi að ekki hafi hlotist af mannsbani. Gerð er krafa um vexti og vísað til 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og um dráttarvexti með vísan til 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða kostnað vegna vinnu lögmanns við að koma kröfu brotþola á framfæri og fylgja henni eftir fyrir dómi, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á hendur brotþola. Brotþoli hlaut talsverða áverka víða um líkamann við árásina. Þá ber að líta til þess að D geðlæknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt frá 28. maí sl., þar sem fram kemur að auk líkamlegra áverka í kjölfar árásarinnar hafi brotþoli tæpu einu og hálfu ári síðar einkenni sem bendi til þess að hann hafi fengið væg einkenni um áfallastreituröskun í kjölfar árásarinnar. Samkvæmt framansögðu og með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og með hliðsjón af framlögðum rannsóknargögnum um áverka brotþola, eru miskabætur brotþola til handa ákveðnar 700.000 krónur. Vextir af bótafjárhæð skulu reiknast samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 21. desember 2017 til 17. febrúar 2019, en þann dag

var mánuður liðinn frá birtingu bótakröfunnar. Frá þeim tíma til greiðsludags ber fjárhæðin dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001. Þá greiði ákærði, með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, brotþola 633.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Ragnar Valur Björgvinsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þess að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A, 700.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 21. desember 2017 til 17. febrúar 2019, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 633.000 krónur í málskostnað að teknu tillit til virðisaukaskatts.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 1.344.814 krónur, þar af málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.054.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ragnheiður Thorlacius